

Styrkir úr Lýðheilsusjóði 2016

Lýðheilsusjóður óskar eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum til heilsueflingar og forvarna á sviði **áfengis-** og **vímuvarna, tóbaksvarna, næringar, hreyfingar, tannverndar og geðræktar.**

Áhersla er lögð á eftirfarandi:

- *Aðgerðir sem miða að því að efla geðheilsu og vellíðan barna, unglinga og fjölskyldna með það að markmiði að fyrirbyggja depurð, kvíða og aðra áhættuþætti.*
- *Auka þekkingu og færni fagfólks og foreldra í árangursríkum áfengis- og vímuvörnum.*
- *Aðgerðir í heilsueflingu og forvörnum sem miða að heilbrigðu mataræði og hreyfingu.*
- *Aðgerðir til að draga úr tóbaksnotkun í nef og vör.*
- *Verkefni sem beinast að minnihlutahópum til að stuðla að jöfnuði til heilsu.*
- *Forvarnir gegn sjálfsvígum.*

Við úthlutun mun stjórn sjóðsins meta umsóknir út frá því hvernig þær falla að hlutverki Lýðheilsusjóðs. Verkefni sem uppfylla eftirtalin skilyrði hafa forgang:

- Verkefni sem unnin eru í víðtæku samstarfi hagsmunaaðila í samfélaginu.
- Verkefni með eigin fjármögnun og/eða aðra fjármögnun.
- Verkefni sem beinast að einhverjum eftirfarandi markhópum: Börnum og ungmönnum, foreldrum, eldri borgurum, félagslega illa stöddum hópum og minnihlutahópum.

Verkefnin eiga að byggja á faglegum grunni og hafa raunhæf og skýr markmið. Gera þarf grein fyrir því hvernig árangur verkefnis verður metinn og skila framvinduskýrslu að verkefni loknu.

Stjórn Lýðheilsusjóðs úthlutar úr sjóðnum.

Umsóknarfrestur er til og með 25. apríl 2016 og skal sótt um á vefsvæði Lýðheilsusjóðs, <http://lydheilsusjodur.sidan.is/pages/>.

Nánari upplýsingar í síma 510 1900 eða á vef Embættis landlæknis.

Einungis er tekið á móti rafrænum umsóknum í gegnum vefsvæði sjóðsins.

Embætti landlæknis – Barónsstíg 47 – 101 Reykjavík – Sími 5101900 – lydheilsusjodur@landlaeknir.is – www.landlaeknir.is